

FLÍSAR

Örsögur sem bregða upp myndum af atburðum og aðstæðum
ungs fólks í samtímanum

Jóna Guðbjörg Torfadóttir

Efnisyfirlit

Fáein orð í upphafi.....	2
Spegill, spegill, herm þú mér.....	3
Verkefni og vangaveltur	5
Frumskógurinn.....	6
Verkefni og vangaveltur	7
Einsamall.....	8
Verkefni og vangaveltur	9
Eftirlæti.....	10
Verkefni og vangaveltur	11
Tussa.....	12
Verkefni og vangaveltur	13
Nýbúinn	14
Verkefni og vangaveltur	15
Prinsessur	16
Verkefni og vangaveltur	18
Svartnætti.....	19
Verkefni og vangaveltur	20
Oddhvöss orðin.....	21
Verkefni og vangaveltur	23
Línurnar	24
Verkefni og vangaveltur	25
Strokur.....	26
Verkefni og vangaveltur	28
Nánd	29
Verkefni og vangaveltur	30
Ég er eins og ég er.....	31
Verkefni og vangaveltur	32
Tenglasafn.....	33
Fylgiskjal 1.....	38
Fylgiskjal 2.....	39

Fáein orð í upphafi

Þetta safn geymir örsögur sem bregða upp myndum af atburðum og aðstæðum ungs fólks úr samtímanum. Sögurnar eru hugsaðar sem kveikjur og til þess gerðar að vekja upp ýmsar siðferðilegar spurningar ásamt því að hvetja til skapandi skrifa. Safnið snertir flesta þá grunnþætti menntunar sem lagt er upp með í nýjum aðalnámskrám Mennta- og menningarmálaráðuneytis og ennfremur samræmist það ágætlega þeim áherslum sem framhaldsskólum ber að fylgja, sbr. 2. grein laga um framhaldsskóla:

...Þeir [framhaldsskólar] skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun,... (Lög um framhaldsskóla, 2008)

Námsefnið getur þó einnig vel átt erindi í efri bekki grunnskóla. Hvert sem efnið kann að rata er von höfundar að sögurnar höfði til ungs fólks og vekji það til umhugsunar og umræðu um ýmis siðferðileg málefni. Ennfremur að þær hvetji nemendur til að segja sögur um viðlíka efni, sem eru sprottnar úr þeirra umhverfi. Formið er valið öðrum þræði vegna þess að stuttar sögur eru líklegri til að geymast betur í minninu en þær sem lengri eru og ættu því að vera auðveldari til úrvinnslu. Þá má ætla að ein kennslustund rúmi bæði lestur, eða upprifjun á efni, og verkefni. Síðan mætti verja annarri kennslustund í niðurstöður, umræður og frekari vangaveltur. Efnið er hugsað fyrir lífsleikni en kann einnig að gagnast öðrum greinum, t.d. íslensku, félagsfræði og kynjafræði og jafnvel í samstarfi þessara greina. Sögunum fylgja hugmyndir að verkefnum og vangaveltum ásamt tenglasafni sem geymir slóðir ýmissa greina og myndbanda sem tengjast efni sagnanna.

Mörgum ber að þakka. Fyrst ber að þakka eiginmanninum fyrir margar gagnlegar ábendingar sem og frjórrar, og stundum þreytandi, umræðu um efnið. Fjölmargir aðrir hafa lesið námsefnið á ýmsum stigum þess, ljóðvinir, kennarar og nemendur, og gert prýðilegar athugasemdir. Þar ber helst að nefna Ágúst Ásgeirsson, Jóhann G. Thorarensen, Finn Torfa Hjörleifsson, Þorstein frá Hamri, Hönnu Björgu Vilhjálmsdóttur og Sjöfn Guðmundsdóttur og fyrrum nemendur Egil Fannar Halldórsson, Hilmar Frey Kristinsson, Ísak Pálmason og Lilju Björk Stefánsdóttur. Það er þó vert að taka það fram að allt sem kann að vera miður er eingöngu á ábyrgð höfundar. Enn skal þakka og má nefna næst Ingólf Kristjánsson og annað starfsfólk Skólavefsins fyrir að hýsa námsefnið og gera það aðgengilegt. Ennfremur eiga félagarnir Bjarni Harðarson og Guðjón Jónasson hjá Bókaförlaginu Sæmundi þakkir skildar fyrir að hafa milligöngu um útgáfunu. Loks er vert að þakka Þróunarsjóði námsgagna og Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar fyrir að styrkja námsefnið og greiða fyrir þessari útgáfu.

Spegill, spegill, herm þú mér...

Guðrún virti sjálfa sig fyrir sér í speglinum og var engan veginn ánægð með það sem við henni blasti. Fyrir það fyrsta vantaði hreinlega á hana andlitið! Hún blótaði genunum fyrir ljóst útlitið. Hvers vegna gat hún ekki verið dökk yfirlitum, með svartar og fagurlega lagaðar augabrúnir eins og Beta vinkona hennar? Að vísu hafði Beta nokkuð fyrir því að plokka þær og snyrta en hún hafði þó a. m. k. eitthvað til að plokka! Guðrún dæsti og leit á klukkuna. Hún myndi aldrei ná þessu í tíma. Hárið var úfið og ef grannt var skoðað mátti sjá örla fyrir músgráum lit í rótinni. Endarnir voru líka klofnir og benti hvort tveggja til þess að það væri löngu kominn tími á hárgreiðslustofuna. Hún stundi þungan. Það var fimmtán þúsund kall, í það minnsta! Guðrún teygði sig í burstann og rak hann af miklu offorsi í gegnum aflitað hárið. Hún burstaði án afláts og hætti ekki fyrr en hana var farið að sviða í hársvörðinn.

Sími Guðrúnar pípti og hún leit á skjáinn: „Fri í ensku.“ Guðrún andvarpaði fegin því þá hafði hún aðeins misst úr einn tíma. Hún varð að passa upp á mætinguna svo að mamma hennar færi nú ekki að tuða. Það var nú meira hvað kellingin gat tuðað og suðað, eins og feit fiskifluga sem kann ekki annað. Guðrún virti ánægð fyrir sér nokkuð vel heppnaða andlitsmálninguna. Það eina sem bar skugga á var lítill, þrúttinn fílapensill sem náði að gægjast í gegnum meikið þrátt fyrir að hún madaði yfir hann hverju laginu á fætur öðru. Hún gafst loks upp og stakk snyrtibuddunni í skólatöskuna, til að gleyma henni nú ekki. Hún varð að skilja stærðfræðibókina aftur eftir heima því þetta var svo ægilegur hlunkur. Guðrún sá fyrir sér svipinn á kennaranum þegar hún segðist hafa gleymt bókinni, aftur. Hún ákvað að bæta því við að bókin lægi á náttborðinu af því að hún hafi verið að reikna í gærkvöldi, í von um að það myndi milda andlitsdrætti kennarans.

Guðrún naut þess að geta gefið sér aðeins meiri tíma á baðherberginu sem hún átti út af fyrir sig því báðir foreldrar hennar voru löngu farnir til vinnu. Hún lagaði aðeins betur teiknaðar augabrúnirnar og bætti á maskarann. Þá var aðeins eftir að klæða sig. Hún gekk að fataskápnum og galopnaði hann svo að allar flíkurnar blöstu við henni, í öllum regnbogans litum. Guðrún lét augun hvarfla um hillurnar og fann hvernig pirringurinn var aftur farinn að gera vart við sig.

„Ég á ekkert til að fara í,“ gólaði Guðrún inn í skápinn, líkt og hún vænti einhvers svars frá krumpuðum plöggum. Hún fann nánast fyrir líkamlegum óþægindum og titraði af gremju. Einu buxurnar sem fóru henni virkilega vel og gerðu rassinn lítinn og þrýstinn voru í óhreina tauinu. Eðlilega, hún var í þessum buxum alla síðustu viku. Það lá við að hún orgaði af gremju. Hún gæti e. t. v. fiskað buxurnar úr óhreinatauskörfunni og strokið þær með rakri tusku. En þá myndu krakkirnar sjá hana einn daginn enn í sömu buxunum! Guðrún hrifsaði buxurnar úr skápnum, hverjar á fætur öðrum, svo að það myndaðist dágóð hrúga á gólfinu. Loks greip hún einar leggings og klæddi sig í þær með ólundarsvip. Hún sneri sér á alla kanta fyrir framan spegilinn en sú mynd sem við henni blasti var ekki til að bæta skapið. Teygjuefnið lagaði sig fullvel að líkamanum fyrir hennar smekk. Rassinn virtist nær kassalaga, eins og bílskott, það vantaði á

hana mittið og maginn þrýsti sér fram eins og hann vildi flýja þennan ólögulega líkama. Guðrún varð svo örg að henni fannst hún vera að kafna. Hún skellti aftur skáphurðunum og sparkaði í fatahrúguna á gólfinu. Þetta er ómögulegt, ég er feit og ljót hugsaði hún með sér. Mér er drullusama þó að ég fái einhverjar fjarvistir. Ég segist bara vera veik, ákvað hún með sjálfri sér. Guðrún gekk niðurlút að rúminu sínu, lagðist upp í það og grét sárt í koddann.

Verkefni og vangaveltur

Hér væri ráð að endurskrifa textann að einhverju marki. T.d. væri hægt að skipta stelpunni út fyrir strákar eða aðra stúlku með heilbrigða sjálfsmynd.

- Hvernig upplifir Guðrún sjálfa sig? Hvað finnst henni athugavert við útlit sitt?
- Hvernig ætli Guðrún vilji vera? Hvernig lítur hin fullkomna kona út?
- Hvaðan koma þessar útlitskröfur?
- Eru strákar jafn uppteknir af útlitinu og stelpur? Að hvaða leyti?
- Er útlitsdýrkunin komin út í öfgar?
- Eru öfgarnir eitthvað minni hér á landi heldur en þar sem konum er gert að nota búrku?

Frumskógurinn

„Ó mæ god!“ Stínu var greinilega mikið niðri fyrir þegar hún kom askvaðandi inn á kaffihúsið. Hún hraðaði sér til vinkvenna sinna sem biðu hennar við eitt gluggaborðið. Það kumraði í henni þegar hún lét sig falla ofan á stólinn við hlið þeirra.

„Hvað?“ spurði Elín um leið og hún ýtti til hennar matseðlinum. Hún var orðin mjög svöng og vildi síður þurfa að bíða miklu lengur.

„Já, hvað?“ tók Sigga undir með henni.

Stína renndi fingrunum í gegnum rakt, sítt hárið og leit ekki við matseðlinum. Hún horfði kankvís á vinkonur sínar sem voru orðnar mjög óþreyjufullar, bæði eftir að borða og heyra hvað olli henni svona miklu uppnámi. Stína naut óskertrar athyglinnar en svo þraut þolinmæði vinkvennanna sem nánast góluðu, báðar í senn:

„Hvað!?“

„Sko,“ byrjaði Stína, „ég var að koma úr sundi.“

Svo tók hún sér góða kúnstþásu þar til hún sá að vinkonurnar þoldu ekki meira. Hún hélt þá áfram hraðmæltari:

„Það var ein stelpa, ég held að hún sé í öðrum bekk, með heilan frumskóg þarna niðri! Það vantaði aðeins apann, að sveifla sér milli læranna!“ Það sló þögn á hópinn. Elín og Sigga störfu á vinkonu sína með vantrúarsvip. Elín varð fyrri til að rjúfa þögnina og lá við að hún gólaði:

„Ertu ekki að djóka?“

„Nei,“ svaraði Stína að bragði, „þetta var ógeð!“

„En ertu viss um að þetta sé stelpa úr skólanum?“ hélt Elín áfram, „var þetta ekki bara útlendingur?“

Stína hristi höfuðið: „Ég er næstum því viss um að þetta er gella í öðrum bekk. Ég man eftir henni í busuninni í fyrra.“

„Dísus,“ sagði Sigga, hún var svo slegin: „Ég hef alveg heyrt um svona hjá útlendingum.“

„Já, vá,“ sagði Elín, „ég man eftir því í fyrra, þá stóð útlendingur upp úr heita pottinum sem var loðinn niður á læri! Og brúskarnir stóðu stífir undan handleggjunum!“

„Nei!?“ sagði Stína á innsoginu. „Ertu ekki að djóka? Hvernig veistu að hún var útlendingur?“ Elín leit hneyksluð á Stínu, sem leyfði sér að efast um orð hennar: „Hún talaði útlensku!“

„Þetta er ótrúlegt, alveg hreint,“ stundi Sigga „en hvað ætlið þið að fá ykkur að borða?“

Verkefni og vangaveltur

Hér mætti tína til kosti og galla þess að vera með líkamshár, bæði að ofan og neðan. Verkefnið gæti farið fram í litlum hópum og notast mætti við Google frænku. Þá væri forvitnilegt hér, sem annars staðar, að bera saman álit kynjanna. Horfir þetta mál öðruvísi við stelpum heldur en stráku?

- Í sögunni er gengið út frá því að allar konur séu hárlausar að neðan, þó að raunveruleikinn sé auðvitað annar. Ætli þetta verði raunin áður en langt um líður?
- Af hverju stafar þessi þróun og hvert má rekja hana?
- Má sjá þessa þróun einnig hjá stráku?
- Má segja að rakstur/vax sé tákn um frelsi konunnar ef horft er t.d. til kvenna sem alast upp við að þurfa að hylja nekt sína?
- Kjósa strákar frekar hárlaus kynfæri kvenna?
- Kjósa stelpur frekar hárlaus kynfæri karla?
- Haldast lýtaaðgerðir á kynfærum kvenna í hendur við þessa þróun?
- Hvers vegna fara sumar konur í slíkar aðgerðir?
- Líkjast hárlaus kynfæri kynfærum barna? Eða dúkkum/Barbie?
- Ferð þú á píkusnyrtistofu?

Einsamall

Jón rölti inn í matsal og valdi sér sæti við gluggann. Hann lagði skólatöskuna á borðið við hlið sér enda sat hann ávallt einn. Þarna sat hann og horfði út um gluggann á meðan hann borðaði heimagerða samloku. Ekki leið á löngu þar til krakkarnir fóru að tínast inn í matsalinn. Strákarnir lögðu saman þrjú borð og röðuðu stólum þétt í kringum þau til að allir fengju sæti. Þessum tilfæringum fylgdu smá stimpingar, einhver kvartaði sáran og síðan braust út mikill stórkarlahlátur. Stelpurnar dreifðu sér meira um salinn og settust tvær og þrjár saman. Enginn settist hjá Jóni en hann lét sig það litlu skipta. Hann var vanur því að sitja einn.

Jón hrökk því við þegar Sigurður hlammaði sér við hlið hans. Hann færði töskuna af borðinu og lagði hana á gólfíð. Hann vissi ekki alveg hvernig hann átti að vera og laumaðist til að gefa Sigurði gætur. Sigurður yrti ekki á hann. Hann lagðist fram á borðið og hvíldi höfuðið á ljósabekkjabrunum handleggjunum. Hann virtist mjög þreyttur. Jón virti fyrir sér í laumi þykka úlnliðina sem voru álíka sverir og ökkarnir á Jóni. Upphandleggsvöðvarnir sprengdu nánast stuttar ermarnar utan af sér. Jón faldi ósjálfrátt smágerðar hendur sínar undir borðinu. Hann heyrði fliss og lágvært hvískur strákagersins fyrir aftan sig. Honum var órótt. Eitthvað var í aðsigi. Sigurður sneri höfðinu, leit aftur fyrir sig og glotti framan í félagana. Síðan reisti hann sig upp í sætinu og hallaði sér að Jóni svo að axlir þeirra snertust. Það fór um Jón.

„Ég held að ég sé ástfanginn af þér,“ sagði Sigurður ýktri röddu og uppskar hlátursrokur félaganna sem fylgdust spenntir með framvindu mála.

„Kysstu mig,“ bætti hann við og setti stút á munninn. Jón sneri andlitinu frá honum, horfði út um gluggann og þagði.

„Ekki vera svona mikil drottning. Kysstu mig,“ bað Sigurður smeðjulegri röddu.

Jón virti hann að vettugi. Hlátrasköllin sem höfðu umleikið þá voru að fjara út og Sigurður varð pirraður.

„Píka!“ hreytti hann í Jón og keyrði um leið olnbogann í magann á honum. Jón missti andann og fann nístandi sársauka í kviðnum. Hann krepptist saman af sársauka. Sigurður stóð upp og gekk hnarreistur og sigri hrósandi að borði félaganna sem fögnuðu honum ákaft.

Jón sat lengi niðurlútur til að fela tárin sem runnu hljóðlaust niður kinnarnar.

Verkefni og vangaveltur

Hér gætu nemendur leitast við að semja persónulýsingu þessara tveggja stráka; draga upp mynd af útliti þeirra og klæðnaði, segja frá áhugamálum þeirra o.s.frv. Jafnvel mætti teikna af þeim myndir. Ennfremur mætti skrifa dagbókarfærslu og lýsa þessum degi eins og hann horfir við þeim, hvorum um sig.

- Breytir það einhverju fyrir skilninginn á sögunni ef Jón er hommi? En ef Sigurður er hommi?
- Hvor virðist eiga í meiri vandræðum með sig?
- Hvers konar manngerðir eru hér á ferð?
- Hvers konar manngerðir fyrirfinnast í samfélaginu?
- Hvað gerir eina manngerð mögulega merkilegri eða eftirsóknarverðari en aðra?
- Kann uppröðun krakkanna í matsalnum að vera lýsandi fyrir mismunandi vináttutengsl eftir kynjum? Og ef svo er, hvernig þá?
- Endurtekið áreiti og ofbeldi, líkt og það sem Jón verður fyrir, er einelti. Er munur á einelti meðal stráka og stelpna?
- Er atvik sögunnar trúverðugt? Gæti svona staða komið upp hjá ungmennum?
- Hver er staða samkynhneigðra ungmenna? Eru þau ennþá jaðarhópur í samfélaginu?

Eftirlæti

„Æ, ég er svo þreytt,“ kvartaði Kristín við Sigríði sem sat við hlið hennar í lúnum sófanum í nemendaaðstöðunni. Sigríður horfði rannsakandi á hana um leið og hún lét smella í tyggjóinu sem hún tuggði ákaft.

„Þú ert alltaf svo þreytt. Hvað er í gangi?“ spurði hún svo og leit forvitnum augum á vinkonu sína. Kristín leit í kringum sig og færði sig nær Sigríði þó svo að enginn væri nálægur. Hún talaði svo lágt að það var rétt svo að Sigríður heyrði í henni:

„Frá því að ég flutti inn til Gumma sef ég varla á næturna. Gummi er á kvöldvöktum og þegar hann kemur heim er hann alltaf svo... þú veist... og mjög oft og lengi.“

Sigríður sneri sér að Kristínu: „Færðu engan svefnfrið? Geturðu ekki bara sagt honum að þú þurfir að sofa?“ spurði hún hneyksluð.

„Þá verður hann svo pirraður og segir að ég sé kynköld og eitthvað óeðlileg,“ útskýrði Kristín og horfði í gaupnir sér. Sigríður virti vinkonu sína fyrir sér hissa og þagði.

„Svo segir hann að það vilji mig enginn annar. Ég sé of feit,“ hélt Kristín áfram.

„Hvað er málið?“ spurði Sigríður forviða og hækkaði róminn: „Dömpaðu honum bara! Ég hef nú aldrei fílað hann!“

„Ekki tala svona hátt,“ sagði Kristín ásakandi, „þú þekkir hann eiginlega ekkert, sko.“ Hún fitlaði við tómt kaffimálið. „Ég er svo hrifin af honum. Hann er líka mjög oft góður við mig,“ hélt hún áfram lágum rómi.

„Já, sjálfsagt þegar þú situr og stendur eins og hann vill,“ fullyrtaði Sigríður háðslega.

„Nei nei,“ mótmælti Kristín, „líka bara þegar við erum að hafa það kósí og svona. Svo get ég alveg verið voða leiðinleg við hann, sko. Ég tuða líka stundum svo mikið í honum. Eins og þegar það er tannkrem út um allan vask eða hann pissar út fyrir.“ Kristín hló lágt og vandræðalega að eigin orðum og beið viðbragða Sigríðar en henni var enginn hlátur í hug:

„Og þrífur hann það ekki bara sjálfur?“ spurði Sigríður, heldur hvöss.

„Nei, við erum með svona verkaskiptingu. Ég er ekki að elda því ég er ómögulegur kokkur og þá þríf ég allt en hann eldar,“ útskýrði Kristín.

„Ertu ómögulegur kokkur? Hver segir það?“ spurði Sigríður að bragði.

„Æ, Gumma finnst það og ég bara kann ekki að elda,“ svaraði Kristín. „Æ, hættum bara að tala um þetta. Krakkarnir eru að koma,“ bætti Kristín við.

Það barst mikill skarkali af göngunum. Það var auðheyrilega verið að hleypa nemendum úr tíma. Margar og ólíkar raddir blönduðust saman í einskona margradda hljóðverk sem ýmist hneig og fjaraði smám saman út eða fór stigvaxandi og endaði með háreysti og hlátrasköllum. Fyrr en varði flyktust skólafélagarnir inn á kaffistofuna.

„Hæ stelpur,“ gall við í einum og Kristín brosti sínu breiðasta. Sigríður fylgdist með vinkonu sinni út undan sér og var mjög hugsí.

Verkefni og vangaveltur

Nemendur geta samið samskiptareglur sem þeim þykir við hæfi í samböndum. Það gæti verið sniðugt að vinna verkefnið í kynjaskiptum hópum og bera síðan saman niðurstöður hópanna. Einnig gætu nemendur spreytt sig á því að skrifa auglýsingu; þar sem þeir auglýsa eftir hinum fullkomna maka og lýsa sjálfum sér í leiðinni.

- Hvernig má lýsa sambandi Kristínar og Gumma? Hvað er þar jákvætt og hvað neikvætt?
- Hvernig er unnt að leiða Kristínu fyrir sjónir það sem er miður í sambandi hennar ef hún sér það ekki sjálf?
- Hvers vegna lætur Kristín þessa hegðun Gumma yfir sig ganga?
- Haga einungis strákar sér svona eða gera stelpur það líka? Er birtingarmyndin hin sama eða er hún önnur?
- Hvað einkennir gott samband og sambúð?
- Hvað er ást?

Tussa

„I know you want it. I know you want it. I know you want it.“

Blurred lines ómaði í hátölurunum og sumir krakkanna sungu hástöfum með:

„Ég skal færa þér eitthvað nógu stórt til að rífa rassinn á þér í tvennt.“ Það var frí í ensku og flestir úr bekknum höfðu komið sér vel fyrir í félagsaðstöðu skólans. Stelpurnar sátu nánast hver ofan á annarri í lúnum sófanum sem mátti muna fífil sinn fegurri. Þarna höfðu margir setið áður eins og mátti sjá á rassalaga dældunum á upplituðum sessunum. Strákarnir stóðu í hnapp við græjurnar og lutu yfir Gunnar sem sat við lyklaborðið, vopnaður músinni. Óli hafði betur í þetta skiptið og nýjasti smellur Nicki Minaj fékk að hljóma.

„Hún er svo heit,“ sagði Óli og hristi höfuðið í forundran yfir þessari dásamlegu sköpun á skjánum.

„Hún heldur að hún sé sú eina sem getur státað af rassi. Og brjóstum.“ sagði Einar nokkuð móðgaður yfir því að fá ekki óskalagið sitt spilað.

„Það er engin hóra með svona rass!“ sagði Óli hrifinn og lagði þunga áherslu á hvert orð. Það lék einhvers konar gleðibros um varir hans á meðan hann fylgdist með söngkonunni fetta sig og bretta á skjánum og félagarnir kímdu að honum. Stelpurnar í sófanum hlógu.

„Hún er með sílikon í rasskinnunum,“ fullyrta Magga og vinkonurnar jánkudu því strax.

„Þið eruð bara öfundsjúkar tussur,“ sagði Óli og uppskáru orðin enn meiri hlátur hjá félögunum. Stelpurnar hlógu líka. Allar nema Magga.

„Ég las þetta nú bara í grein á netinu sko,“ sagði hún móðguð.

„Vertu ekki að rugla bitch!“ svaraði Óli orðinn nokkuð fúll í bragði.

„Hva? Má maður ekki....“ byrjaði Magga en varð kjaftstopp því Óli vatt sér að henni. Hann hallaði sér yfir hana, þar sem hún sat fyrir miðjum sófa. Félagar hans voru hættir að fylgjast með söngdívum á skjánum og fylgdust nú spenntir með. Það kumraði í þeim. Óli greip um klofið á sér, sem var í augnhæð Möggu, og spurði með illgirnilegt glott á vörum:

„Vantar þig ekki bara einn harðan í rassinn, tussa?“ Magga sneri höfðinu og það skein vanþóknun úr svipnum:

„Hvað er að þér?“ spurði hún svo lágt að varla heyrðist.

„Bara djók,“ sagði Óli hlæjandi um leið og hann sneri í hana bakinu og gekk til félaganna.

Verkefni og vangaveltur

Hér væri hægt að gera breytingar á viðbrögðum stelpunnar í þeim anda sem nemendum þykja réttust. (Hvernig gæti Magga brugðist öðru vísi við?) Vinnan gæti farið fram í litlum, kynjaskiptum hópum sem byði þá jafnvel heim samanburði á úrvinnslu stráka og stelpna. Þá væri vert að prenta lagatextann út og skoða hann sérstaklega.¹ Ennfremur væri hægt að láta nemendur leika samtalið því það er mun áhrifameira, og jafnvel erfiðara, að taka sér þessi orð í munn heldur en að lesa þau í hljóði.

- Er svona orðbragð í lagi?
- Er svona „húmor“ kunnuglegur?
- Er í lagi að segja nánast alla skapaða hluti undir því yfirskyni að verið sé að djóka? Hvenær hættir djók að vera fyndið? Hvar liggja mörkin?
- Haga einungis strákar sér svona eða gera stelpur það einnig?
- Hvers vegna ætli Óli hagi sér svona?
- Er þessi hegðun Óla kynferðislegt ofbeldi? Hvar liggja mörkin?

¹ Sjá fylgiskjal 1

Nýbúinn

„Hvað er hann eiginlega búinn að standa þarna lengi?“

Sigga kinkaði kolli í átt að strák sem stóð tvístígandi við dyrnar á skólastofunni.

„Þessi skáeygði?“ spurði Ása.

„Já, skáeygði?“ endurtók Sigga hugsu, „hann hlýtur nú að heita eitthvað?“

„Tjong Tjong Ding Dong,“ svaraði Ása að bragði og skellti upp úr.

„Æ, Ása,“ sagði Sigga heldur pirruð, „þetta er nú ekki mjög næs.“

„Ég er bara að djóka, voðalega ertu viðkvæm,“ sagði Ása og horfði undrandi á vinkonu sína.

„Þér finnst hann kannski heitur?“ bætti hún við og glotti.

„Ég bara vorkenni honum,“ sagði Sigga, „hann er alltaf einn. Ég sé hann alltaf einan á bókasafninu í öllum fríminútum,“ hélt hún áfram, eins og við sjálfa sig, „eða einn á göngunum.“

„Já, já, og hvað er málið?“ sagði Ása sem var við það að missa þolinmæðina yfir þessu húmorsleysi vinkonunnar. „Er þetta eitthvað okkar mál?“

„Ef allir hugsa svona, þá gerir enginn neitt,“ svaraði Sigga að bragði.

„Gerðu þá eitthvað!“ sagði Ása og dæsti ógurlega.

„Gera hvað?“ gall við í Benna sem birtist skyndilega við hlið vinkvennanna, líkt og hann hefði sprottið upp úr gólfinu.

„Vá, hvað mér brá,“ hljóðaði Ása upp yfir sig. Benni glotti og spurði aftur: „Gera hvað? Hvað eruð þið að fara að gera?“

„Meiri forvitnin í þér alltaf,“ svaraði Ása og kímdu. „Hún Sigga er bara að missa sig út af tæjanum þarna.“ Hún sveigði þumalfingurinn í áttina að Asíubúanum sem stóð enn á sama stað en hafði hallað sér að dyrastafnum. „Æ þessi,“ sagði Benni og hélt áfram, „og hvað með hann?“

„Sigga hefur bara svo miklar áhyggjur af honum,“ sagði Ása háðslega.

„Mér finnst bara leiðinlegt að sjá hann alltaf einan,“ svaraði Sigga að bragði.

„Hvaða meðvirkni er þetta?“ spurði Benni hneykslaður og hélt áfram frekar pirraður: „Ég skil nú ekki hvers vegna þessi grjóni er ekki bara heima hjá sér!“

„Ertu eitthvað öfundsjúkur?“ spurði Ása Benna ertnislega og leit af honum á Siggu, sem ranghvolfdi augunum. Það varð dálítill vandræðaleg þögn sem Benni rauf með uppgerðarhlátri en honum tókst illa að leynd því að hann var orðinn kafrijóður í framan. „Ég þarf að rjúka að ná í miða,“ sagði hann fljótumæltur og afsakandi og rigsaði í burtu.

„Vá, þvílíkir fordómar,“ sagði Sigga hálf slegin yfir orðum Benna.

„Já, já, en ætluðum við ekki að ná í miða á ballið? Drífum okkur áður en tíminn byrjar!“ svaraði Ása sem var orðin þreytt á þvarginu. Sigga gjóaði augunum á nýbúann sem enn stóð í sömu sporum og elti síðan vinkonuna sem stíkaði áfram ganginn.

Verkefni og vangaveltur

Nemendur gætu leitast við að setja sig í spor nýbúans; hvernig vildu þeir að tekið yrði á móti þeim ef þeir væru nýir í erlendu skólasamfélagi og þekktu engan?

- Hvað kann að hafa komið í veg fyrir að Sigga gerði ekki eitthvað í málinu, líkt og hún ræddi um? Hvað hefði hún getað gert?
- Lýsir sagan fordómum? Þekkið þið einhver dæmi um fordóma gagnvart fólki af erlendum uppruna?
- Skiptir það máli hvernjar þjóðar nýbúinn er? Gæti hann verið Norðmaður eða múslimi? En ef meintur nýbúi reyndist vera borinn og barnsfæddur Íslendingur?
- Hvernig er hægt að tryggja félagslega stöðu nýbúa í bekk/skóla?
- Hver er ábyrgð okkar (nemenda, kennara og skólastjórnenda) gagnvart þeim sem eru nýir í bekknum/skólanum?
- Hvernig má ætla að nýbúanum líði?
- Hver er ábyrgð nýbúans?

Prinsessur

Helga studdi fingri á dyrabjölluna og leit á Rúnu með eftirvæntingu í svipnum. Dyrnar opnuðust nær strax og Kristján fagnaði stúlkunum með breiðu brosi:

„Sælar prinsessur!“ Það barst mikill glaumur innan úr íbúðinni og stelpurnar drifu sig úr yfirhöfnunum.

„Næs,“ sagði Kristján með aðdáun og blístraði þegar hann virti fyrir sér stutta, þrönga kjólana sem beruðu bæði brjóst og læri. Það var ekki laust við að stelpurnar yrðu dálítið feimnar og undirleitar við kveðjuna.

„Sést nokkuð þessi ógeðslegi filapensill?“ hvíslaði Sigrún að Helgu sem tókst að grannskoða á henni andlitið á undraskjótum tíma.

„Nei, alls ekki,“ hvíslaði hún til baka um leið og þær gengu inn í stofuna.

„Gellur!“ gall við á móti vinkonunum þegar þær birtust í stofunni. Öll augu viðstaddra beindust nú að stelpunum sem stóðu í dyragættinni. Sigrún fann hvernig hún var mæld út, frá toppi til táar. Hún var í senn vandræðaleg og upp með sér yfir athyglinni. Hún dró betur inn magann og hallaði undir flatt um leið og hún brosti sínu breiðasta. Bekkjarfélagarnir sátu makindalegir í djúpum hornsófa og á borðstofustólum sem búið var að raða hringinn í kringum sófaborðið.

„Ég næ í stóla handa ykkur,“ sagði Kristján og stökk inn í borðstofu. Hann kom til baka að vörmu spori með tvo útskorna antíkstóla í fanginu og skáskaut þeim inn á milli stólaraða. Sigrún settist og togaði um leið kjólfaldinn betur niður um sig en teygjuefnið lét illa að stjórn og hljóp strax aftur upp lærin. Hún krosslagði fæturna.

„Hva, er kjóllinn of lítill?“ spurði Magnús, sem sat gengt henni, háðslega.

„Láttu ekki svona. Hann er flottur,“ sagði Kristján sem hafði tyllt sér við hlið Sigrúnar og gat ekki haft augun af lögulegum lærunum. Sigrún lét sem hún heyrði ekki samtal félaganna og teygði sig í glas á borðinu.

„Það er satt félagi,“ sagði Magnús og horfði nú stíft á þrýstinn barm Sigrúnar. „Ég býð spenntur eftir að hann gefi sig og ég fái tútturnar í andlitið,“ bætti hann við og það kumraði í honum.

„Æi, góði!“ sagði Sigrún heldur örg og vinkona hennar kom henni til varnar:

„Já, látið hana í friði,“ sagði Helga.

„Þið bjóðið upp á þetta,“ sagði Kristján og var nú orðinn alvarlegri í bragði.

„Hva, megum við ekki klæða okkur eins og við viljum?“ spurði Helga pirruð.

„Jú, auðvitað, en þið eruð varla klæddar. Er það nokkuð?“ spurði Magnús og sneri sér að Helgu: „Kjóllinn sem þú ert í nær varla niður fyrir rass.“

„Og er það ekki okkar mál?“ spurði Sigrún.

„Þið hafið engan rétt á því að láta svona,“ bætti hún við, snerti vandræðaleg við flegnu hálsmálinu og óskaði sér þess að hún hefði haft með sér gollu til að setja yfir herðarnar. Henni var orðið hálf kalt.

„Ekki vera sárar. Þið eruð prinsessur!“ sagði Kristján öllu vinsamlegri og bauð þeim meira að drekka.

Verkefni og vangaveltur

Nemendur geta haldið áfram að þrjóna við samtalið, einhverju sem þeim finnst trúverðugt eða hafa jafnvel upplifað, á sjálfum sér eða öðrum. Strákar geta reynt að setja sig í spor stelpnanna og stelpurnar í spor strákanna.

- Skiptir máli hvernig stelpur klæða sig? Kemur öðrum það við?
- Hvernig er dæmigerður djammklæðnaður stelpna og stráka?
- Hvers vegna klæðast stelpur gjarnan efnislitlum fötum en strákar síður?
- Er meiri þörf hjá stelpum að sýna líkamann heldur en hjá strákum? Hvers vegna?
- Hvenær særir klæðaburður blygðunarkennd annarra? Hvar liggja mörkin?
- Er einhver munur á öfgum í efnislitlum klæðnaði og alklæðnaði, t.d. búrka klæðnaði?

Svartnætti

Ingibjörg hallaði sér að mósakulegu glerinu og horfði á byggingar og stöku tré líða fram hjá. Vindhviður skóku strætisvagninn og hleyptu af stað ólgu í maganum á henni. Hún var miður sín eftir atburði næturinnar sem hún mundi aðeins óljóst eftir og barðist við tárin sem leituðu stöðugt fram í augnkrókana. Hún skammaðist sín svo mikið.

Hún hafði farið á nokkra bari með krökkunum og á einum þeirra hitt ansi ágengan karlmann sem var nokkru eldri en hún. Hann lét hana ekki í friði og elti hana um allt eins og rakki. Krökkunum fannst þetta fyndið og hlógu nánast upp í opið geðið á honum. Hann lét það ekkert á sig fá. Ingibjörgu fannst þetta mjög vandræðalegt og jafnvel jaðra við að vera óhugnanlegt. Hún páði þó nokkur glös af honum enda rándýrt að kaupa sér drykki á barnum.

Svo man hún ekkert fyrr en hún vaknaði þennan nóturlega morgun. Hún var stödd í ókunnu herbergi með þennan ágenga karlmann steinsofandi við hlið sér. Henni bauð við sterkum dauni af áfengi og svita sem barst frá honum og velktum sængurfötunum.

Ingibjörg laumaðist fram úr rúminu eins hljóðlega og henni var unnt og tíndi til fötin sín, sem lágu eins og hráviði um allt gólf. Þaðan læddist hún fram á klósett og læsti að sér. Hún reyndi hvað hún gat að kyngja kekkinum í hálsinum en tárin brutu sér leið og runnu óhikuð niður vangana án þess að hún fengi nokkuð við ráðið.

Hún klæddi sig í næfurþunnar sokkabuxurnar og stuttan kjólinn og afréð síðan að líta í spegilinn. Henni varð mjög brugðið. Andlitið sem blasti við henni var mjög þrútið, líkt og hún hefði grátið. Hún mundi ekki eftir því að hafa grátið, ekki frekar en að hún myndi eftir öðru sem fyrir hana bar eftir að hún varð viðskila við krakkana. Maskarinn hafði runnið til og hárið var úfið.

Ingibjörg reyndi hvað hún gat að lagfæra útlitið og laumaðist síðan aftur fram á ganginn. Hún var fegin að heyra lágværar hrotur berast úr svefnherberginu. Hún fann yfirhöfnina og háhæluðu skóna og blótaði útganginum á sér. Þetta var ekki beint heppilegasti klæðaburðurinn snemma á haustköldum morgni.

Þegar út var komið skimaði hún eftir stoppustöð og þegar hún kom auga á eina gekk hún rakleiðis þangað. Henni var alveg sama hvaða strætisvagnar stoppuðu þarna. Hún vildi bara komast í burtu, eins langt og mögulegt væri.

Verkefni og vangaveltur

Hér geta nemendur reynt að fylla upp í eyðurnar. Hvað henti mögulega þessa nótt? Þá má einnig ræða efni sögunnar út frá hugtökum eins og ábyrgð, áfengisdrykkja (og önnur vímuefnaneysla), nauðgunarmenning o.fl.

- Hvers vegna ætli Ingibjörg hafi farið með þessum frekar ógeðfellda manni heim?
- Hver er þáttur vinanna? Hefðu þeir átt að passa upp á Ingibjörgu?
- Er líklegt að nauðgun hafi farið þarna fram? Hvar liggja mörkin?
- Er frásögn sem þessi kunnugleg, t. d. úr fjölmiðlum?
- Skiptir máli að aðalpersónan er stúlka?

Oddhvöss orðin

Orðin greyptu sig í huga Jóhönnu. Það stoðaði ekkert fyrir hana að reyna að leiða hugann að öðru. Allar hugsanir véku fyrir þessum orðum. Meira að segja þessi vonda líðan sem fylgdi henni heim úr partíinu kvöldinu áður, höfnunin og afskiptaleysið sem hún hafði fundið svo vel fyrir. Það var varla svo að það hefði verið vikið að henni einu orði. Hún sat nánast allt kvöldið og reyndi hvað hún gat að halda andlitinu, brosa og hlæja öðrum til samlætis, en enginn skipti sér af henni. Strákarnir voru svo uppteknir við að stríða stelpunum en hún var algjörlega virt að vettugi. Engum datt í hug að stríða henni. Þegar partíið leystist upp fór hún beinustu leið heim til sín, enda saknaði hennar enginn. Hún hirti ekki um að þrífa af sér meikið heldur lét hún það nægja að afklæða sig og smeygði sér undir ískalda sængina. Svona er einmitt lífið, hugsaði hún, eins og ísköld sængin.

Jóhanna vaknaði ekki fyrr en rétt undir hádegi og lét hún það verða sitt fyrsta verk að opna Facebook. Forvitnin var öllu yfirsterkari. Hana langaði að fréttu af kvöldinu og hún vissi að hún gat gengið að þeim upplýsingum vísu á síðum bekkjarfélaganna og sjálfsagt fylgdu myndir af hverju skrefi. Það stóð heima. Nær allir höfðu sent instagram myndir úr partíinu og flestum fylgdu fáein orð.

„Vá hvað hann er blekaður #blekaður“ stóð við mynd af Daníel sem studdi sig við dyrastaf og þröngvaði fram bros sem líktist meira grettu. Á bak við hann stóð Arnar og hló.

„Hvað er þetta fyndið! Ha ha! #hot #ræktinaðborgasig“ stóð skrifað við aðra mynd sem sýndi bakhlutann á Sigrúnu sem stóð út í loftið eins og stafn á olíuskipi. Stuttur kjóllinn náði vart að hylja rasskinnarnar.

Jóhanna fletti heldur hratt í gegnum myndaalbúmin þar til hún sá sjálfa sig á mynd. Hún sat milli tveggja stráka í bekknum. Annar sneri sér í áttina frá henni og var augljóslega í djúpum samræðum við sessunaut sinn. Hinn hallaði sér að borðinu, í átt að myndavélinni, og hló innilega að einhverju. Líklega hafði ljósmyndarinn sagt eitthvað. Jóhanna var þó augljóslega myndefnið. Fókusinn var á henni. Hún virtist jafnvel meira einmana en hana minnti. Þrátt fyrir allt fólkið, allan glauminn allt um kring og kannski einmitt þess vegna. Það var svo ljóst af þessari mynd að hún var fullkomlega afskipt. Það gaf sig enginn að henni. Hún var með bæði krosslagða fætur og hendur. Virtist mjög stíf. Augnaráðið beindist eitthvað út í loftið en ekki að fólkinu í kringum hana og alls ekki að ljósmyndaranum. Enda mundi Jóhanna ekki eftir að það hefði verið tekin mynd af henni.

Jóhanna fann fyrir sama stífleikanum í líkamanum eins og hún skynjaði í þessum herta líkama á myndinni. Svo fann hún kvíðann læðast upp að sér og smeygja sér undir húðina. Læsast um líffærin. Það hlýtur einhver texti að fylgja myndinni, hugsaði hún og fann ónotin aukast í maganum. Hana langaði ekki að sjá hann. Hún þorði það ekki. En hún átti engan kost. Hún yrði að lesa hann. Þetta léti hana annars ekki í friði og hún gæti ekki um annað hugað. Jóhanna tvísmellti á myndina til að stækka hana og við henni blasti textinn:

„Þa er ekki einu sinni hægt að nauðgessu. Akkuru er þessi sandpíka ekki heima hjá sér? #vertu heima“ Jóhanna fann hvernig vanlíðanin óx svo að hún varð stærri en líkaminn og henni varð óglatt. Hún leit aftur á skjáinn í veikri von um að henni hefði missýnst en svo var ekki. Oddhvöss orðin stóðu þarna og hæddust að henni. Þó nokkrir bekkjarfélagar höfðu lækað setninguna. Það fannst henni eiginlega verra. Þetta voru ekki einungis orð eins drukkins fávita heldur virtust flestir láta sér þau vel líka.

Jóhanna lokaði augunum í von um að myndin og orðin myndu hverfa þegar hún opnuðu þau aftur en þau voru þarna enn. Greipt í skjáinn fyrir allra augum.

Verkefni og vangaveltur

Nemendur geta útbúið orðalista með því orðfæri sem þeir eiga að venjast af netinu. Þeir gætu t.d. rifjað upp öll orð sem notuð eru um stelpur annars vegar og stráka hins vegar. Fyrst nafnorð, svo lýsingarorð. Bæði neikvæð og jákvæð. Það færi trúlega vel á því að vinna þetta í hópum og síðan væru orðin sett upp í tvo dálka upp á töflu, strákaorð sér og stelpuorð sér. Þá væri vert að ræða þessi orð, merkingu þeirra og áhrif. Ennfremur er þarft að ræða umgengnina við netið í ljósi ábyrgðar, níðs, eineltis og sjálfsmýndar - og þá ekki hvað síst sjálfsmýndar gerendanna. Loks færi vel á að nemendur semdu siðareglur um netnotkun; hvað finnst nemendum vera eðlileg umgengni texta og mynda á netinu.

- Hverjum lýsa þessi ljótu orð hér að ofan betur, Jóhönnu eða þeim sem skrifar þau?
- Sagan lýsir einelti. Hver er ábyrgð þeirra sem „læka“ orðin og eru þar með sammála þeim?
- Hver er ábyrgð foreldra? Kennara? Samfélagsins?
- Hvað er hægt að gera til að sporna gegn svona hegðun og koma í veg fyrir ósæmileg orð og særandi myndbirtingar?
- Þekkið þið dæmi um hegðun sem þessa?

Línurnar

„Mikið djö var gaman í gær,“ sagði Mæja um leið og Elín opnaði fyrir henni.

„Komdu inn,“ svaraði Elín stutt í spuna, sneri í hana baki og gekk hröðum skrefum inn í herbergið sitt.

Mæja kippti sér ekki upp við fálæti Elínar og elti vinkonu sína. Um leið og þær voru komnar inn fyrir dyrnar lokaði Elín og læsti vandlega.

„Ég þarf að sýna þér svolítið,“ útskýrði Elín hraðmælt og hvarf svo nánast inn í stóran fataskápinn.

Mæja settist á uppbúið rúmið, mjakaði sér upp í hornið og hagræddi útsaumudum púðunum að baki sér. Elín birtist aftur með hvítan staut á lofti. Hún hlammaði sér við hlið Mæju og rak nánast bláar, línulegar niðurstöðurnar upp í nefið á henni.

„Ó nei, ertu ekki að grínast?“ spurði Mæja og var mjög brugðið, „hvað ætlarðu að gera? Hver er pabbinn?“ Elín lét útrétta höndina falla máttlausu á rúmið og stundi þungan.

„Ég veit það ekki,“ svaraði hún „það koma a.m.k. þrír til greina.“

„Notaði enginn smokkinn? Eða þú... eitthvað?“ spurði Mæja.

„Æ, þú veist að strákar þola ekki smokkinn. Og það er ekki eins og eitthvað hafi gerst áður,“ svaraði Elín og starði stíft á blómamynstrið á rúmteppinu rétt eins og hún væri að sjá það í fyrsta skipti.

„En ertu alveg viss um að þetta dót virki?“ spurði Mæja og bætti við vongóð: „Ég hef heyrt margar óléttusögur sem voru svo engar óléttusögur, eða þannig. Bara vindgangur eða eitthvað.“

„Ég er búin að taka tvö próf,“ sagði Elín pirruð, „og bæði jákvæð!“

„Ókei,“ sagði Mæja öllu hnuggnari, „en ætlarðu að eiga það?“ spurði hún vinkonu sína gætilega.

„Nei, eða... æ ég veit það ekki,“ svaraði Elín lágum rómi. Hún ætlaði að halda áfram en röddin brast.

„Æ, elskan mín,“ sagði Mæja blíðlega og setti handlegginn utan um vinkonu sína. Elín saug upp í nefið og strauk burt sölt tárin sem læddust niður kinnarnar.

„Það er allt í lagi að gráta,“ huggaði Mæja vinkonu sína og tók þéttar utan um hana. Elín hjúfraði sig upp að henni og grét sárt.

Verkefni og vangaveitur

Nemendur gætu reynt sig við að búa til svipað samtal milli „verðandi föður“ og félaga hans. Þarft er að hafa í huga að þessi „verðandi faðir“ er ungur að árum og átti einungis skyndikynni við konuna. Þá getur hann ekki verið viss um hvort hann sé faðir barnsins því aðrir koma til greina. Hvað ætli honum sé efst í huga?

- Hvar liggur ábyrgð Elínar?
- Hverjir eru kostir og ókostir smokksins?
- Hver er réttur föðursins - og ábyrgð?
- Er í lagi að nota fóstureyðingu sem getnaðarvörn? Hvenær er fóstureyðing í lagi?
- Er mikilvægt fyrir stelpur sem eru ekki í föstu sambandi að vera á pillunni?

Strokur

„Jæja, hvert eigum við að fara til að fá okkur að borða?“ spurði Guðfinna og horfði yfir vinahópinn. Anna yppti öxlum og Gunnir virtist ekki vera að hlusta.

„Hvað með Subway?“ spurði Inga.

„Aftur? Við erum alltaf þar!“ gall við í Snorra.

„Nú, komdu þá með betri hugmynd,“ sagði Inga önu.

„Æ, krakkar, við verðum að drífa okkur af stað,“ sagði Guðfinna sem var orðin nokkuð pirruð, „það er bara hálf tími í næsta tíma.“ Orðum sínum til áréttingar klæddi hún sig í gallajakkann, sem hún hafði lagt kæruleysislega ofan á skólatöskuna, og vatt treflinum eina þrjá hringi um hálsinn.

„Hvað segir þú Gunnir?“ spurði Anna.

„Ha?“ svaraði Gunnir annars hugar, „æ, mér er alveg sama.“

Guðfinna ætlaði að fara að taka til máls þegar hún fann að einhver lagði hönd neðarlega á bakið á henni. Hún snarsneri sér við. Þar stóð Egill og brosti breitt til hennar. Hún brosti hikandi á móti.

„Takk fyrir síðast!“ sagði hann glaðlega og fullur af sjálfsöryggi gekk hann í burtu án þess að bíða eftir svari.

„Næs!“ sagði Snorri og glotti. Anna brosti líka við vinkonu sinni og meira að segja virtist Gunnir taka við sér:

„Hver var þetta?“

„Bara strákur sem ég hitti í partíi um daginn,“ sagði Guðfinna sem brosti ekki lengur.

„Og hvað?“ spurði Snorri stríðnislega.

„Ekkert!“ svaraði Guðfinna höstug í máli, „við vorum bara aðeins að tala saman en núna lætur hann mig ekki í friði!“

„Ég væri nú alveg að fíla það ef svona flottur gaur væri ekki að láta mig í friði,“ sagði Anna dreymin á svip.

„Mér finnst það óþægilegt!“ sagði Guðfinna og ætlaði að halda áfram en rödd hennar brast. Vinirnir horfðu undrandi á hana.

„Hann rétt kom við þig,“ sagði Snorri, „hvað er málið?“

„Hann fór næstum því á rassinn á mér!“ mótmælti Guðfinna sár yfir skilningsleysi félaganna.

„Af hverju sagðirðu það ekki við hann?“ spurði Snorri.

„Hvað á ég að segja við hann?“ spurði Guðfinna og var orðin nokkuð æst.

„Nú, að vera ekki að káfa á rassinum á þér!“ svaraði Snorri að bragði.

„En hann var ekki að káfa á rassinum á mér!“ sagði Guðfinna og lá við að hún æpti. Snorri fórnaði höndum og hækkaði einnig róminn:

„Varstu ekki að segja að hann væri að káfa á rassinum á þér?“

„Ég sagði næstum því!“ hrópaði Guðfinna svo hátt að krakkarnir sem áttu ferð um gangana framhjá þeim litu undrandi á hana.

„Æ, gleymdu þessu bara!“ bætti Guðfinna við, „komum á Subway.“

Verkefni og vangaveltur

Hér væri e.t.v. ráð að nemendur rifji upp svipuð atvik, sem þeir hafa orðið vitni að eða upplifað sjálfir, og hvernig var brugðist við þeim. Nemendur gætu fært þessi atvik í sögubúning og deilt með bekknum. Þá væri fróðlegt, hér sem víðar, að bera saman upplifun stráka og stelpna. Er munur þar á?

- Er Guðfinna að lýsa kynferðislegri áreitni?
- Hvar liggja mörkin?
- Hver ætli forsagan sé - og skiptir hún einhverju máli?
- Hvernig ætti Guðfinna að bregðast við?
- Hefði hún e.t.v. brugðist öðruvísi við ef Egill væri ekki svona flottur strákur?
- Myndu málin horfa öðruvísi við ef hlutverkunum væri snúið við og Guðfinna léti svona við Egil?

Nánd

Magnús þaut áfram á hjólinu í gegnum garðinn. Honum fannst þetta svo dásamleg tilfinning, að þeysast áfram með sólina í augunum og vindinn í fangið. Það var vor í lofti og brumið farið að tútna út á trjánum. Hann lét það þó ekki eftir sér að sleppa stýrinu, þó svo að hann langaði til þess, því nú beið hans nokkuð kröpp beygja við næsta leiti.

Magnús hallaði sér lítillaga til hægri til þess að halda jafnvæginu í skarpri beygjunni en varð þá fyrir þungu höggi. Hann missti samstundis jafnvægið og steiptist af hjólinu. Honum var mjög brugðið eftir þessa byltu en létti mjög er hann fann að hann var ómeiddur, fyrir utan fáeinar skrámur á höndunum sem hann hafði borið fyrir sig.

Þegar Magnús staulaðist á fætur sá hann hvað olli árekstrinum. Á miðjum stígnum sat ung stúlka, vart komin af barnsaldri. Magnús taldi hana ekki vera miklu eldri en átta til níu ára. Stúlkan bar sig illa og var augljóslega meidd, tárin láku niður kinnarnar. Magnús leit í kringum sig en það var enginn nálægur. Hann gekk því til stúlkunnar og laut yfir hana.

„Er allt í lagi með þig?“ spurði hann vandræðalega og bætti við: „fyrirgefðu, ég bara sá þig ekki.“

„Mér er illt í löppinni, kvartaði stúlkan, „ég get ekki staðið upp.“

Magnús leit aftur í kringum sig en það var enginn nálægur. Hann yrði að hjálpa stúlkunni því ekki gat hann skilið hana þarna eftir ósjálfbjarga. Magnús reyndi fyrst að toga hana á fætur en þá rak stúlkan upp slíkt skaðræðisóp að hann slepti henni samstundis. Hann komst ekki hjá því að taka utan um mitti stúlkunnar og leggja hönd hennar um háls sér. Þannig tókst stúlkunni að standa varlega á fætur og hoppa af stað á öðrum fætinum. Það varð greinilega að líta á hinn fótinn.

Magnúsi fannst þessi mikla nánd afar óþægileg. Hann leit enn og aftur í kringum sig í von um að einhver léti sjá sig á fáförnum stígnum sem gæti komið þeim til bjargar. Samt óttaðist hann jafnframt að einhver sæi til þeirra. Honum varð hugsað til fréttar sem hann hafði lesið í vikunni um jafnaldra hans, sem hann kannaðist lítillaga við frá því í grunnskóla, sem var sakaður um að hafa misnotað bráðunga frænku sína.

Magnús reyndi að hrista af sér svona hugsanir. Hann komst ekkert hjá því að styðja stúlkuna, það hlytu allir að skilja það. Hann gekk hægt áfram stíginn, í þungum þönkum með stúlkuna þétt upp við sig.

Verkefni og vangaveltur

Nemendur geta rifjað upp aðstæður þar sem þeir upplifðu of mikla nánd og fannst vera farið yfir mörkin. Þeir gætu unnið einstaklingsverkefni þar sem þeir svöruðu spurningu á borð við: Hvað gæti fengið þig til að líða eins og Magnúsi?

- Er eitthvað óeðlilegt við hegðun Magnúsar?
- Hvers vegna leið Magnúsi svona illa með þessa nánd?
- Ætli karlmenn upplifi oft samskonar líðan og Magnús lýsir?
- Við hvaða aðstæður er nánd orðin óþægileg?
- Hvar liggja mörkin milli þess sem er eðlilegt og þægilegt annars vegar og þess sem er óeðlilegt og óþægilegt hins vegar?
- Við hvaða aðstæður er eðlilegt að farið sé yfir mörkin?

Ég er eins og ég er

„New kid in town!“ sagði hann glaðlega um leið og hann hlammaði sér í sófann, á milli Katrínar og Hildar sem höfðu verið í hrókasamræðum.

„Hva?“ spurði Katrín og góndi forviða á þennan frakka strák sem hún hafði aldrei séð áður.

„Hver ert þú?“ spurði Hildur sem var fljótari að jafna sig á þessari upptöku.

„Ég kallast Pillsburri,“ svaraði strákurinn glaðhlakkalega.

„Pillsburri?“ hváði Hildur og var eitt stórt spurningamerki í framan, „af hverju?“

„Því að ég er mjúkur sem hveiti,“ svaraði Pillsburri og skellihló að eigin myndni.

Katrín hallaði sér fram í sófanum og ranghvolfdi augunum framan í Hildi. Hildur brosti. Það var ekki laust við að henni myndist þessi strákur dálítið sniðugur. Í það minnsta forvitnilegur.

„Sjáiði bara,“ bætti Pillsburri við og fletti bolnum upp á maga. Í ljós kom sængurverahvítur maginn í ljós, sannarlega mjúkur að sjá þar sem hann lagðist afslappaður yfir buxnastrenginn.

„Djísus!“ sagði Katrín hneyksluð á þessari nöktu opinberun.

„Ég er eins og ég er,“ sönglaði Pillsburri og teygði bolinn aftur yfir vömbina. „Á ég kannski að vera eitthvað öðruvísi?“ bætti hann við og leit á Katrínu.

Það varð stutt vandræðaleg þögn en þá gall við í Stefáni sem sat í hægindastól gegnt þeim:

„Þú mættir nú alveg skella þér í ræktina og svo myndi einn ljósatími ekki skaða þig.“

„En ef mig langar til að vera mjúkur sem hvítt hveiti?“ spurði Pillsburri jafn brosmildur og fyrr. „Hvað getur mögulega verið að því? Hver ákveður að allir þurfi að vera brúnir, grannir og vöðvastæltir?“

„Ertu að segja að það sé eitthvað að því?“ spurði Stefán hvefsinn.

„Alls ekki. Hvað getur mögulega verið að því?“ svaraði Pillsburri að bragði.

„Ha?“ hváði Stefán ringlaður, „nú, ekkert,“ bætti hann við pirraður.

„Einmitt,“ sagði Pillsburri, „það er bara allt í lagi. Það er hver með sínu sniði og þannig hlýtur það að eiga að vera.“

„Vá, þvílík og önnur eins speki!“ gall hæðnislega við í Katrínu sem hafði mjakað sér eins langt frá þessum undarlega fýr og mögulegt var.

„Já, ertu ósammála?“ spurði Pillsburri og sneri sér að henni. „Þú mátt það alveg,“ bæti hann við og brosti breitt.

„Takk fyrir,“ svaraði Katrín jafn háðsk og fyrr og stóð upp úr sófanum. Pillsburri lét hæðnistóninn ekkert á sig fá. Hann kom sér bara betur fyrir í sófanum, afslappaður og mjúkur, og brosti sínu breiðasta.

Verkefni og vangaveltur

Hér færi vel á einhvers konar sjálfskoðun. Hver og einn nemandi gæti lýst því hvernig hann sér sjálfan sig og einnig hvernig hann vill vera, óháð því hvað öðrum kann að finnast um það (eins og hægt er). Sömuleiðis gæti hann lýst þeim kröfum sem gerðar eru til hans, í útliti, klæðaburði, hegðun o.s.frv. Útlistanir sem þessar gæti kennari síðan lesið nafnlaust fyrir nemendahópinn, þó svo að verkefnin séu merkt sem vissulega er mælt með (til að koma í veg fyrir bull).

- Hvaða kostum er Pillsburrí búinn? En göllum?
- Hver gæti verið sagan hans?
- Hvert er inntakið í samtali hans og Stefáns?
- Hvaða mannkostum viljum við búa yfir – og hvers vegna?
- Hvaða mannkostum viljum við að vinir okkar búi yfir – og hvers vegna?
- Hvaða mannkostum viljum við að fjölskylda okkar búi yfir – og hvers vegna?

Tenglasafn

Spegill, spegill, herm þú mér ...

„Enjoy a few moments of messed up messages created and shared by the beauty industry. Here it comes. [Án árs]. Upworthy. <http://www.upworthy.com/enjoy-a-few-moments-of-messed-up-messages-created-and-shared-by-the-beauty-industry-here-it-comes?c=ufb3> [Sótt 23. júní 2014]

„Photoshop makes anything possible.“ 2013. *Youtube.com*. <http://www.youtube.com/watch?v=cPnfjwKfkSk> [Sótt 4. nóvember 2013]

„Rosalegar fyrir og eftir myndir. Helvítis útlitsdyrkun!“ 2014. *Spegill.is*. <http://spegill.is/read/2014-09-15/rosalegar-fyrir-og-efrir-myndir-helvitis-utlitsdyrkun/> [Sótt 4. september 2015]

Sigrún Daníelsdóttir. 2013. „Útlitsdyrkun og líkamsvirðing.“ *Náum áttum. Forvarna- og fræðsluhópur um velferð barna og unglunga*. <http://www.naumattum.is/doc/2715> [Sótt 4. nóvember 2013]

Frumskógurinn

„Hljómsveitt - Kynþokkafull.“ [Án árs]. *Youtube*. http://www.youtube.com/watch?v=mk_aWPTR9Io. [Sótt 5. febrúar 2014]²

„Rakstur að neðan.“ [Án árs]. *Doktor.is* <http://doktor.is/grein/rakstur-ad-nedan> [Sótt 4. febrúar 2014]

„The perfect vagina.“ 2008. *Top Documentary Films*. <http://topdocumentaryfilms.com/perfect-vagina/> [Sótt 4. febrúar 2014]

Einsamall

„Ef bara ég hefði vitað. Sálrænn stuðningur fyrir unglunga“ [Án árs]. *Rauði krossinn*. http://www.raudikrossinn.is/page/rki_efbara [Sótt 4. nóvember 2013]

„Um samtökin ’78“ [Án árs]. *Samtökin ’78*. <http://www.samtokin78.is/um-felagid> [Sótt 4. nóvember 2013]

² Textann má sjá í fylgiskjali 2.

Eftirlæti

Anna Tara Andréadóttir. 2013. Kynbundnar birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum. Lokaverkefni til BS gráðu. Sálfræðideild. Heilbrigðisvísindasvið. Háskóli Íslands. [http://skemman.is/is/stream/get/1946/15357/37338/1/OFBELDI I NANUM SAMB%C3%96NDUM_2.pdf](http://skemman.is/is/stream/get/1946/15357/37338/1/OFBELDI_I_NANUM_SAMB%C3%96NDUM_2.pdf) [Sótt 4. nóvember 2013]

Tussa

Arndís Bergsdóttir. 2013. „Barningur!“ *Akureyrivikublað.is*, 24. október. <http://www.akureyrivikublad.is/akvbl/frettir/2013/10/24/barningur/>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Barningur Barningsson. 2013. [Sögur um kynlífsreynslur. Hljóðupptökur]. <https://soundcloud.com/barningur-barningsson>. [Sótt 4. nóvember 2013]

„Blurred lines. Unrated version.“ 2013. *Youtube.com* <http://www.youtube.com/watch?v=zwT6DZCQi9k>. [Sótt 4. nóvember 2013]

„Robin Thicke Lyrics.“ 2013. *A-Z Lyrics*. <http://www.azlyrics.com/lyrics/robinthicke/blurredlines.html>. [Sótt 4. nóvember 2013]

„Robin Thicke - Blurred Lines ft. T.I., Pharrell.“ 2013. *Youtube.com*. <http://www.youtube.com/watch?v=yyDUC1LUXSU>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Weber, Brandon. [Án árs]. „5 Minutes Of What The Media Actually Does To Women.“ Upworthy. <http://www.upworthy.com/5-minutes-of-what-the-media-actually-does-to-women-8?g=3&c=recon1> [Sótt 4. febrúar 2014]

Nýbúinn

„Hvað ef þetta væri á Íslandi?“ 2014. *Youtube.com*. <https://www.youtube.com/watch?v=OHhN0z2vphI> [Sótt 19. júní 2014]

„Íslenskir þjóðernissinnar.“ 2011. *Youtube.com*. <https://www.youtube.com/watch?v=18AuaL4-Jf8> [Sótt 19. júní 2014]

Jóhannes Tómasson og Svavar Knútur Kristinsson. 2005. „Meira um neikvæð viðhorf til nýbúa.“ *Mbl.is*. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1009355/> [Sótt 19. júní 2014]

Prinsessur

„Drusluganga“. 2013. *Facebook.com*. <https://www.facebook.com/Drusluganga>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Klara Egilson. 2014. „Hijab. Af hverju bera múslimakonur slæður?“ *Hun.is*. <http://www.hun.is/hijab-af-hverju-bera-muslimakonur-slaedu/> [Sótt 19. júní 2014]

„Klæðaburður kvenna á dagskrá.“ [Án árs.] *Halla Gunnarsdóttir*. <http://halla.is/?p=811>. [Sótt 4. nóvember 2013]

„Klæðalitlar stúlkur fá búrkur frá skólanum.“ 2010. *DV.is* 15. september. <http://this.is/alliat/is/frettir/2010/9/15/klaedalitlar-stulkur-fa-burkur-fra-skolanum/>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Svartnætti

„Ef bara ég hefði vitað. Sálrænn stuðningur fyrir unglina“ [Án árs]. *Rauði krossinn*. http://www.raudikrossinn.is/page/rki_efbara [Sótt 4. nóvember 2013]

„Ertu í vanda.“ [Án árs.] *Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann*. <http://saa.is/medferdir/tharftu-adstod/>. [Sótt 4. september 2015]

Sigurlína Davíðsdóttir. „Hvers vegna byrja unglingar að drekka?“. *Vísindavefurinn* 9.5.2001. <http://visindavefur.is/?id=1580>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Oddhvöss orðin

„Góðar netvenjur.“ 2013. *Saft.is*. <http://www.saft.is/godar-netvenjur/>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Hildigunnur Hafsteinsdóttir. „Hvaða lög gilda um meiðyrði á Íslandi og hvernig er mönnum refsað fyrir þau?“. *Vísindavefurinn* 8.5.2006. <http://visindavefur.is/?id=5866>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Kolbrún Baldursdóttir. 2011 „EKKI MEIR. Höldum saman gegn einelti og kynbundnu ofbeldi.“ *Kolbrunbaldurs.is*. <http://www.kolbrunbaldurs.is/>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Línurnar

Bryndís Gyða. 2013. „Ég fór í fóstureyðingu – Mín saga.“ *Hun.is* 7.2.2013. <http://www.hun.is/eg-for-i-fostureydingu-min-saga/>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Sóley S. Bender. „Hvenær var smokkurinn fundinn upp?“. *Vísindavefurinn* 6.10.2000. <http://visindavefur.is/?id=981>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Strokur

„Kynferðisleg áreitni.“ [Án árs]. *Jafnréttisstofa*. <http://jafnretti.is/jafnretti/?D10clD=Page3&ID=73>. [Sótt 4. september 2015]

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. <http://www.althingi.is/lagas/143b/2008010.html>. [Sótt 4. september 2015]

„Male actor dresses as woman to experience sexual harassment.“ 2013. *Youtube.com*. <https://www.youtube.com/watch?v=LvNZt1T5rAQ>. [Sótt 4. september 2015]

Nánd

„14 ára drengur rekinn úr skóla fyrir faðmlög í frímínútum.“ 2011. *Bleikt.pressan.is*. <http://bleikt.pressan.is/lesa/14aradregurrekinnurskolafyrirfadmlogifriminutum/>. [Sótt 4. september 2015].

Áslaug Karen Jóhannsdóttir. 2015. „Ég mun ekki gefa börnum nammi framar.“ *Stundin*, 1. júlí. <http://stundin.is/frett/mun-ekki-gefa-bornum-nammi-framar/>. [Sótt 4. september 2015]

Gréta Bergrún Jóhannsdóttir. 2012. „Persónulegt rými.“ *Jafnréttisstofa*. <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10clD=ReadArticle3&ID=92>. [Sótt 4. september 2015]

Ég er eins og ég er

„Ég er eins og ég er -- Icelandic > English.“ 2008. *Allthelyrics.com*. <http://www.allthelyrics.com/forum/nordic-countries-lyrics-translation/92547-g-er-eins-og-g-er-icelandic-english.html>. [Sótt 4. nóvember 2013]

Páll Óskar/Paul Oscar - Ég er eins og ég er (I am what I am). 2008. *Youtube.com*. <http://www.youtube.com/watch?v=l2lWjbPLJn0>. [Sótt 4. nóvember 2013]

„Líkamsvirðing.“ 2015. *Pressan –Eyjan.is*. <http://blog.pressan.is/likamsvirding/>. [Sótt 4. september 2015]

„Some Say This Model Is Fat. She Gives Such A Perfect Response That Even Ellen Applauds.“ [Án árs]. Upworthy.com. <http://www.upworthy.com/some-say-this-model-is-fat-she-gives-such-a-perfect-response-that-even-ellen-applauds?c=ufb1>. [Sótt 9. nóvember 2013]

Fylgiskjal 1

Blurred Lines

Everybody get up
Everybody get up
Hey, hey, hey

If you can't hear what I'm trying to say
If you can't read from the same page
Maybe I'm going deaf,
Maybe I'm going blind
Maybe I'm out of my mind
Everybody get up

OK now he was close, tried to domesticate you
But you're an animal, baby, it's in your nature
Just let me liberate you
Hey, hey, hey
You don't need no papers
Hey, hey, hey
That man is not your maker

And that's why I'm gon' take a good girl
I know you want it
[...]
You're a good girl
Can't let it get past me
You're far from plastic
Talk about getting blasted
I hate these blurred lines
I know you want it
[...]
But you're a good girl
The way you grab me
Must wanna get nasty
Go ahead, get at me
Everybody get up

What do they make dreams for
When you got them jeans on
What do we need steam for
You the hottest bitch in this place

I feel so lucky
Hey, hey, hey
You wanna hug me
Hey, hey, hey
What rhymes with hug me?
Hey, hey, hey

[...]

One thing I ask of you
Let me be the one you back that ass to
Go, from Malibu, to Paris, boo
Yeah, I had a bitch, but she ain't bad as you
So hit me up when you pass through
I'll give you something big enough to tear your
ass in two
Swag on, even when you dress casual
I mean it's almost unbearable
In a hundred years not dare, would I
Pull a Pharside let you pass me by
Nothing like your last guy, he too square for you
He don't smack that ass and pull your hair like that
So I just watch and wait for you to salute
But you didn't pick
Not many women can refuse this pimpin'
I'm a nice guy, but don't get it if you get with me

Shake the vibe, get down, get up
Do it like it hurt, like it hurt
What you don't like work?

Baby can you breathe? I got this from Jamaica
It always works for me, Dakota to Decatur
No more pretending
Hey, hey, hey
Cause now you winning
Hey, hey, hey
Here's our beginning

I always wanted a good girl
I know you want it
[...]

Fylgiskjal 2

Kynþokkafull

ég fór heim með gæja
fór næstum að hlæja
hann var orðafár
enda ekki klár
hann sagði: ha, eru stelpur með píkuhár?

ég er með hár á löppunum
hár undir höndunum
í klofinu er ull
ég er kynþokkafull
ky ky ky kynþokkafull...

hann sagði:
þú ert með einn galla
þig skortir skalla
ég vil hárlausa húð
babysmúð
heitur pakki
eins og 6 ára krakka

whaaat gaur, ég skal kenna þér eitt
sýna þér hvað það er heitt að hafa klofið
yfirgreitt

bújah, ég er dottinn í feitt

Þessar krúttugu krullur, kveikja í mér
mjúk brauð fyrir pullur, kveikja í mér
litir og lögun, kveikja í mér
blaut fram að dögum, ég beinstífur er

mmm, namm, namm, namm
mmm, namm, namm, namm
mig langar í þig, já þig langar mig
mig langar í þig, komdu og taktu mig...

Ég er með hár á löppunum
hár undir höndunum
í klofinu er ull
ég er kynþokkafull
ky ky ky kynþokkafull...

vinur minn úr stáli
það skiptir engu máli
hvort þú ert nakinn eða þakinn
nakinn eða þakinn, nakinn eða þakinn, loðinn
eða snoðinn, með brodda eða kodda, brúsk eða
dúsk, strá eða gjá, teppi eða ekki, með flækju
eða rækju, frumskóg eða það sem þér finnst
vera nóg

þið eruð sexý, svo sexý
sama hvaða klipping er í klofinu
þið eruð sexý svo sexý
alltaf sami guðdómleiki í hofinu